

## Skynsamleg notkun hlífðarbúnaðar og handhreinsiefna við umönnun sjúklinga með COVID-19

Í þessu skjali frá ECDC 31. mars 2020 er bent á skynsamlega notkun hlífðarbúnaðar og möguleika fyrir heilbrigðisþjónustu og langlegustofnanir þegar aðgengi að hlífðarbúnaði er takmarkað.

Til að draga úr þörf á hlífðarbúnaði og hámarka notagildi þess búnaðar sem er í notkun er hægt að framkvæma aðgerðir á afmörkuðum svæðum. Til dæmis ætti sýnataka til greiningar á sjúkdómnum að fara fram á tilgreindu svæði og vera framkvæmd af einum starfsmanni, sem getur notað sama hlífðarbúnaðinn í nokkra klukkutíma. Sjúklingum með COVID-19 sjúkdóminn ætti að vera sinnt á tilteknum svæðum innan sjúkrahúss/stofnunar til að geta samnýtt og dragið úr þörf á hlífðarbúnaði.

### Forgangur að fínagngrímum (FFP2 og FFP3)

- Mesti forgangur er fyrir heilbrigðisstarfsmenn sem sinna sjúklingum með COVID-19 og sérstaklega þeim sem framkvæma aðgerðir sem auka svifúða þ.m.t. barkaþræðing, berkjusog, berkjuspeglun og framköllun á hráka.
- Fínagngrímurnar má nota í 4-6 klst meðan verið er að sinna mörgum sjúklingum svo fremi að þær séu ekki teknar niður og hafi ekki óhreinkast eða mengast (t.d. að einstaklingur með einkenni sjúkdómsins hósti beint á grímuna).
- Ef fínagngrímur eru ekki til eiga heilbrigðisstarfsmenn að nota þéttustu grímur sem fást með mestu mögulegu síun.

### Forgangur að notkun skurðstofugríma

- Ef engar fínagngrímur eru til er mesti forgangur að skurðstofugrímum fyrir heilbrigðisstarfsfólk sem sinnir sjúklingum með COVID-19.
- Næst mesti forgangur er fyrir staðfest tilfelli sem eru með einkenni og þar á eftir fyrir tilfelli þ.s. grunur leikur á smiti.

### Forgangur að notkun handspritts

- Vandaður handþvottur með vatni og sápu á að vera fyrsta val og tryggja þarf góða handþvottaaðstöðu
- Ef lítið er til af handspritti er forgangur að notkun þar sem sjúklingum er sinnt, staðfest tilfelli hafa forgang. Ef nægilegar birgðir eru til ætti að hafa þær á almenningssvæðum þar sem mikil umferð fótgangandi fólks.

### Forgangur að notkun annars hlífðarbúnaðar og handhreinsiefna

- Ef ekki eru til hlífðarsloppar, nota svuntur.
- Ef ekki eru nægilega mörg einnota hlífðarglæraugu eða andlitshlífar er hægt að skoða leiðir til að þrifa/sóttgreinsa og nota aftur.
- Mælt er með að herbergi sem sjúklingar/íbúar dveljast í, húsgögn, innantokksmunir og helstu snertifletir sé þrifið með sápuvatni og sóttgreinsað á eftir með efnum sem drepa veirur (t.d. virkon 1% eða  $\geq 70\%$  umhverfisspritt). Ef skortur er á virkoni má nota 0.05% blöndu bleikiklór 5% (1 hluti bleikiklór 5% á móti 100 hlutum vatns). Yfirborð sem ekki þolir klórblöndu er þrifið fyrst með sápuvatni og síðan strokið á eftir með 70% umhverfisspritti.
- Við skort á pappírshandþurrkum á hjúkrunar- og langlegustofnunum er hægt að nota hrein handklæði og skipta oft um og þvo á hefðbuninn hátt.